

10/2 65.

Skógarvörðurinn á Vöglum,

STARFSKÝRSLA FYRIR ÁRID 1964.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1964.

I. I n n g a n g u r .

1. Veðurfar.

Í janúar var mjög snjólétt og frosta lítið. Suðlæg eða suðvestlæg átt bíkti. Mesta snjódýpt mældist 15 cm. Hámark hita mældist 10. janúar 9.6 stig, lágmark -17.4 stig mældist 31. s. m.

Febrúar mánuður var einnig mjög snjóléttur. Mesta snjódýpt mældist 10 cm. dagana 4.-6 s. m. Annars var snjólaust mestan hluta mánaðarins og má slíkt teljast með eindæmum. Óvenju frosta lítið var einnig í mánuðinum. Mestur hiti mældist 7 febrúar 9.2 stig, lágmark -19.2 stig 5. s. m. Suðlæg átt var að lang mestu ríkjandi.

Marz mánuður var svo til snjó laus, mesta snjódýpt mældist 5 cm. Átt var nokkuð breytileg, en þó fyrst og fremmst suðlæg. Einmuna veðurbliða allan mánuðinn. Úrkoma mjög lítil. Mesti hiti mældist 12.0 stig 28. marz, lágmark -7.2 stig þann 2. s. m. Hinn 20 marz mældist 30 cm. fóst í jörð í gróðrarstöðinni.

Í apríl var einnig snjólaust að heita mátti. Mesta snjódýpt mældist 5 cm. Átt var nokkuð breytileg, þó var einkum suðlæg átt 1. - 10. apríl, síðan norðlæg átt fram til 20., þá aftur suðlæg átt, nema fjóra síðustu daga mánaðarins, þá var norðlæg eða norðvestlæg átt. Mesti hiti mældist 27. apríl 13.1 stig, lágmark -9.1 stig þann 19. s. m. - Þann 28. apríl var brum á birki tekið að þrútna og lerkjó að grænka.

Í maí var átt mjög breytileg. Snjólaust var í mánuðinum nema að tvisvar varð alhvítt í byggð, þann 1. og 13. maí, 5 cm. snjódýpt mældist í síðara sinnið. Kom þá nokkurra daga kuldakafli og seinkaði störfum í gróðrarstöðinni. Tún töldust algræn 20. maí og skógurinn og úthaginn fimm dögum síðar. Hámark hita mældist 23. maí 18.9 stig, lágmark -5.1 stig 30. s. m.

Í júní var frekar kalt og fór gróðri hægt fram. Átt var breytileg, en að lang mestu suðlæg átt. Fimm sinnum mældist frost í mælaskýli og níu sinnum á lágmarksmáli við jörð. Í athugasemdum er þessgetið að í fjöll hafi gránað 11., 12., og 28. júní. Mjög lítið úrkoma mældist í júní og í því sambandi má geta þess að tvo daga í röð var suðvestan moldrok. Var það ömurleg og óhugnanleg sjón. Mesti hiti mældist 20. júní 21.4 stig, lágmark -2.3 stig 16. s. m.

Í júlí ríkti að mestu suðlæg átt. Sláttur byrjaði með seinna móti, en heyskapar tíð var ágæt. Hlýindi voru í mánudönum og fór gróðri vel fram. Hámark hita mældist 21. júlí 23.5 stig, frost mældist í mælaskýli 3. s. m. -0.2 stög. Frost mældist fjórum sinnum á lágmarksmæli við jörð.

Í ágúst ríkti austlæg átt, og þá einkum suðaustlæg fyrstu 11 daga mánaðarins, en þá brá til norð-austlægrar áttar. Samilegt tíðarfar var fram að miðjum mánuði, en eftir það var kalt og snjóaði oft í fjöll og jafnvel niður í byggð svo sem sjá má úr veðurskýrslu: 18. ágúst var snjór niður í miðjarhliðar, 19. var snjór niður að skóginum, að morgninum, en að kvöldinu var orðið alhvítt og loks 21. s. m. mældist 5 cm. snjólag við mælaskýlið. Var af þessum sökum oft illvinnandi í gróðrarstöðinni. Hámark hita mældist 7. ágúst 19.4 stig, lágmark 15. s. m. -2.6 stig. Frost mældist þrisvar sinnum í mælaskýlinu og átta sinnum á lágmarksmæli við jörð.

Í september var nokkuð breytileg átt, einkum þó norðlæg, nema síðustu vikuna, suðlæg. Yfirleitt var hægviðri. Næturfrost voru tíð og mældust 13 sinnum á mælaskýli en 17 sinnum á lágmarksmæli við jörð. Hámark hita mældist 15.9 stig 1. september, lágmark -7.8 stig 9. s. m.

Í október ríkti suðlæg átt. Hámark hita mældist 13.7 stig 3. okt., lágmark -12.0 stig 24. s. m.

Í nóvember var breytileg átt, einkum þó suðlæg átt. Mesta snjódýpt mældist 28. nóvember 25 cm. Hámark hita mældist 3. s. m. 10.7 stig, lágmark -17.9 stig 18. s. m.

Einnig í desember var breytileg átt, en aðallega ríkti þó suðlæg átt, nema þrjá síðustu daga mánaðarins, en þá brá til norðanáttar og snjóaði mikið. Fram að þeim tíma var snjólétt eftir því sem hér gerist. Mesta snjódýpt mældist 66 cm. 31. desember. Hámark hita mældist 8.8 stig 21. s. m., lágmark -18.9 stig 25. s. m.

Hita- og úrkomumælingar á Vöglum árið 1964.

	Hiti C	Úrkoma mm.
Janúar	0.2 (-2.1)	27.0 (4.0)
Febrúar	0.4 (-3.5)	11.5 (48.0)
Marz	3.3 (1.0)	11.1 (31.1)
Apríl	1.4 (0.6)	43.2 (119.5)
Mái	5.7 (13.1)	55.3 (62.9)
Júní	8.8 (10.5)	23.3 (47.9)
Júlí	10.4 (8.5)	43.9 (50.3)
Ágúst	7.1 (7.4)	73.9 (12.0)
September	3.4 (5.7)	33.5 (62.9)
Október	2.5 (6.1)	55.9 (35.7)
Nóvember	-0.8 (-4.7)	58.5 (123.1)
Desember	-4.3 (-1.7)	104.0 (28.3)
<u>Alls</u>	<u>2.6</u>	<u>540.2 (625.7)</u>

sh. 7.4 (7.5)

Tölurnar í svigum, hiti og úrk. 1963.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Eins og fyrr greinir er brum á birki ~~færið~~ að þrútna 28. apríl og lerkí að grænka. Í kuldunum í maí fölnaði lerkíð og grænkaði ekki að fullu aftur fyrr en komið var fram yfir mitt sumar. Dróg það mjög úr vexti lerkisins. Birki taldist allaufgað 25. maí. Var vöxtur þess samilegur. Vöxtur barrplantna var frekar lélegur, enda var síðastlíðið sumar kalt. Sérstaklega tók rauðgreni litlum framförum, vöxtur á stafafuru var aftur á móti heldur betri.

Eftir því sem ég kemst næst byrjaði skógurinn að sölna um mánaðamótin ágúst - september og lauflaus var hann í lok mánaðarins.

Fræ á birki var lítið og var engu safnað, enda virtist það litla sem var af fræi, vera óþróskað, enda er það mjög sennilegt vegna kuldanna í ágúst.

Í vor bar talsvert áæskemmdum og jafnvel dauða í gróðursetningum frá haustinu 1963. Verst var þetta í Þórðarstaðaskógi og Fossselsskógi. Sérstaklega var hér um að ræða rauðgreni, blágreni skemmdist miklum mun minna. Var nú reynt að gróðursetja meira að vorinu og nota þá frekast blágreni til síðsumargróðursetningar.

II. S T A R F S F Ó L K.

♦♦-----

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Í vinnustunda fjöldanum eru ekki meðtaldar ákvæðisvinnustundir.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1964.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv. kr.</u>
Janúar	3	579	22.178.38	
Febrúar	4	668	26.521.41	
Marz	4	579	22.287.57	
Apríl	9	1245	47.872.98	4.260.00
Maí	29	2809	94.574.43	5.758.75
Júní	31	3531	119.889.78	32.663.65
Júlí	17	2987	109.338.49	
Ágúst	17	2484	94.014,15	5.375.50
September	15	1456	58.102.14	1.950.00
Október	9	878	36.249.11	
Nóvember	7	894	35.639.06	
Desember	5	619	25.573.77	
		<u>18729</u>	<u>692.241.26</u>	<u>50.007.90</u>
		<u>Alls kr.</u>	<u>742.249.16</u>	

Starfsfólki úr Hálsahreppi voru greiddar kr. 478.234.96.

Gunnar Finnbogason sá um verkstjórn í gróðrarstöðinni frá 10. maí til 7. september, að frádregnum röskum vikutíma sem hann vann á skrifstofu Skógræktarinnar í Reykjavík og þeim tíma sem norska skógræktar fólkið dvaldist hér í sýslunni. Gunnar sá um móttöku þess og var með því allan tímann sem það var hjá Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga.

Skógarvörður hafði að venju eftirlit með gróðursetningunni í Fellsskógi, Þórðarstaðaskógi og Vaglaskógi. Ennfrem-
sá hann um framkvæmdir hjá Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga í Fosselsskógi í júní.

Ráðskona var Jóhanna Jónsdóttir frá Akureyri. Fæðiskostnaður karla varð kr. 51.53, stúlkna kr. 44.53.

Fastráðnir eru tveir menn, þeir Vilmundur Andrésson og Árni Sigfússon, báðir ráðnir til 1. október 1965.

III. G i r ð i n g a f r a m k v æ m d i r .

1. Viðhald girðinga:

Viðhaldskostnaður og eftirlit og smölun var sem hér segir:

	<u>Viðhaldsk.</u>	<u>Eftirl.& smölun</u>
Vaglagirðing..... kr.	878.79	
Lunds-og Þórðarstaðag. -	6.787.03	20.700.00
Sigríðarstaðagirðing.. -	4.423.26	868.44
Mela-og Stórhöfðagirð. -	4.341.06	1.023.34
Sandhaugagirðing..... -	1.108.24	3.300.00
Fosselssgirðing..... -	391.60	
Garðsgirðing..... -	289.48	
	<u>Kr. 18.219.46</u>	<u>25.891.78</u>

Efni til viðhalds girðinga varð röskar kr. 4.000.00, aðall. birkistaurar.

Viðhald girðinga varð með lang minsta móti, enda var mjög snjólétt sl. vetur.

Sigríðarstaðagirðingin var endurbætt talsvert að neðan, var bætt fjórum virnetum og talsverðu af staurum. Gamla virnetið í girðingunni er orðið afar lélegt. Að sunnan var girðingin lengd upp um 30-40 m. til þess að reyna að hindra rennsli fjar sem verið hefur upp fyrir enda girðingarinnar.

IV. Skógarhögg.

Eins og tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1964 gefur til kynna urðu tekjur af þessum liðum kr. 207.153.20, og er þá meðtalið staurar og eldiviður til eigin nota, svo og viðarbirgðir 31/12'64. Beinir tekjur urðu kr. 152.613.20

Kostnaður við skógarhögg varð kr. 104.947.41 og liðurinn sala skógarafurða kr. 151.810.18. Þessi liður felur í sér vinnu við birkingu, vinnu við sögun og alla viðarflutinga, o.fl. Ótalið til gjalda eru vinnust. dráttarvélar og bifreiðar stofnunarinnar.

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1964.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u>
Sala 1964	515	2065	2761	55.51	0.42	152.613.20
S. R. Vöglum	45	80	120	45.00		35.920.00
Birgðir Vöglum 1200		2000	3000	20.00	6.50	92.200.00
" Þróðarst	<u>400</u>	<u>750</u>	<u>800</u>	<u>25.00</u>		<u>34.150.00</u>
Alls	2160	4895	6681	145.51	6.922	314.883.20
Birgðir '63	<u>1320</u>	<u>2565</u>	<u>3280</u>	<u>40.00</u>	<u>6.50</u>	<u>107.730.00</u>
Högg 1964	<u>840</u>	<u>2330</u>	<u>3401</u>	<u>105.51</u>	<u>0.42</u>	<u>207.153.20</u>
Tonn	<u>1.68</u>	<u>9.32</u>	<u>22.17</u>	<u>105.51</u>	<u>0.42</u>	<u>139.10 tonn</u>

Í janúar og febrúar var nokkuð unnið að því að snyrta til í skóginum, sérstaklega meðfram aðalvegnum og þá fyrst og fremst meðfram veginum suður með ánni og hjá tjaldstaðnum. Var höggvið mikið af brotum og skemmdum tjjám.

Annars fór mest af skógarhögginu í Vaglaskógi fram á tíma-
bilinu ágúst - október.

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 107, 108 og 109 meðri hlutar og nr. 110 og 112 meðri hlutar. Ennfremur voru grisjaðir nr. 211, 318, 319, 320 og 315.

Í Þórðarstaðaskógi var aðallega grisjað milli Ytra-Snjóflóðsgils og súður að Yztahólsgili, ofan aðalvegar.

V. Gróðrarstöð.

1. Fræplöntur.

Sánang hófst 26. maí og lauk 29. s. m. Sáð var 14.6 kg. af fræi í 716 m², aukning um 162 m² frá f. ári. Auk þess var sáð lúpínufræi í rösklega 200 m².

Plast var nú í fyrsta sinn notað til yfirbreiðslu í staðinn fyrir stiga og lagt ofan á beðin. Virtist fræið spíra fyrr, þar sem plast var yfir, auk þess sem miklu minna þurfti að vökva.

Fræinu var nú í fyrsta sinn öllu dreifsáð og verður gaman að sjá hvort það gefur betri raun en raðsáningin. Yfirleitt spíraði fræið samilega og plönturnar litu vel út í haust.

Talning fræplöntanna stóðast nokkurn veginn. Gert var ráð fyrir 230 þúsund plöntum til dreifsetningar í vor en upp komu tæplega 216 þúsund plöntur.

Gert er ráð fyrir 366 þúsund plöntum til dreifsetningar á næsta vori. Grenið er dálítið skemmt af völdum frostanna í september, svo vel gæti verið að þessi tala lækkaði eitthvað.

2. Dreifplöntur.

Dreifsetning hófst 25. maí og var lokið 20. júní. Dreifsettar voru 198.710 plöntur, þar af 92.400 plöntur í ákvæðisvinnu.

Tvær vanar stúlkur unnu að dreifsetningunni og síðar bættust við þrjár óvanar. Það fór svo að þær vönu töldu sér ekki hag í að dreifsetja í ákvæðisvinnu, en þær óvönu töldu sér það ávinning, enda á miklu lægra tímakaupi en hinar.

Dreifsetningin tókst vel, enda mikill munur að geyma plönturnar nú í ágætri plöntugeymslu og geta tekið þær þaðan eftir hendinni.

Af dreifsetningarplöntum til annara gróðrarstöðvax voru afhent 17.000 hvítgreni 4/o.

Ekki var lagt í að dreifsetja neitt síðsumars, vegna þess að reynslan síðastliðinn tvö sumur hefur sýnt að meiri afföll verða á þeim plöntum sem dreifsettar hafa verið seinni part sumars.

3. Upptaka og afhending plantna.

Afhentar voru 283.805 plöntur, um 55 þúsund plöntum færra en áætlað.

Mestu munarþar að afhent var 25 þúsund plöntum færra af hvítgreni en áætlað (það gekk ekki út), 12 þúsund plöntum færra af rauðgreni, 12 þúsund af blágreni og 7 þúsund af balsampin, færra en áætlað.

Plöntur til sölu og afhendingar árið 1965.

Blágreni.....	2/4	Sapinero.....	22.000	stk.	x
Hvítgreni.....	2/4	Fairbanks.....	26.500	-	x
Rauðgreni.....	2/4-3/3	Vefsen Grane.....	97.000	-	x
Sitkabastarður.	3/3	Lawing.....	500	-	
Bergfura.....	3/0	Ginébra.....	5.000	-	x
Bergfura.....	2/2	Ulstupgárd.....	1.200	-	
Stafafura.....	2/2	Skagway.....	44.000	-	x
Stafafura.....	2/2	U. L. Creek.....	2.500	-	x
Stafafura.....	2/2	Canmore Summit...	3.000	-	x
Stafafura.....	2/2	Carcross.....	600	-	x
Stafafura.....	2/2	Bennet.....	5.600	-	x
Stafafura.....	3/0	Wansa Lake.....	1.200	-	
Birki.....	3/0	Bæjarst.....	4.500	-	x
Birki.....	4/0	Hallormsst.....	4.000	-	
Birki.....	3/2	Vaglir.....	3.500	-	
Gulvíðir.....	0/3	Vaglir.....	600	-	
		<u>Alls.</u>	<u>221.700</u>	<u>stk.</u>	

4. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

260 kg. kjarni
150 - kalí
130 - þrífosfat

Af húsdýraáburði var ekið 26 tonnum í reitina, þar af 12 tonnum í haust.

Höfrum var sáð í þá reiti sem ekki voru í ræktun, seint í júní. Þeir voru svo plægðir niður um miðjan september.

5. Ýmislegt varðandi gróðrarstöðina.

Eins og áður var Simazin og White spirit notað við illgresis eyðinguna. Enn tókst að lækka hreinsunar-kostnaðinn frá því í fyrra um röskar 8.000.00 kr. og um kr. 18.000.00 frá því sem hann var 1962.

Þess ber að geta að flatarmál lands í ræktun hefur minkað talsvert frá 1962, vegna minkandi sáninga og dreifsetninga, en kaup hefur líka hækkað mikið á þeim tíma.

Plastpokarnir hafa gefið góða raun við geymslu plantna. Í október 1963 var sett dálítið af plöntum í plastpoka til geymslu. Var sumt af þeim, svo sem stafafura og lerki, gróðursett seinni partinn í júní og virtust þær koma vel til.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1964.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Fræplöntur.....		70.291.24
Hreinsun fræplantna...		16.804.73
Dreifplöntur.....		70.794.85
Hreinsun dreifplantna.		16.160.15
Afhending skógarplatna		20.679.95
Garðplöntur.....		1.830.00
Skjólbelti.....		629.00
Ráðskona og verkstjóri		54.685.93
Ýmsar framkvæmdir.....		22.404.22
Kostnaður v/ verkaf...		23.289.49
		<u>297.569.56</u>
Plöntusala.....	<u>529.649.40</u>	<u>11.657.10</u>
	<u>Samtals kr. 529.649.40</u>	<u>309.226.66</u>

Það tókst að halda áætlun um reksturskostnað gróðrarstöðvarinnar, sem hljóðaði upp á 465.000 kr., enda kom það sér vel því að ýmsir aðrir liðir hafa farið fram úr áætlun.

VI. Gróðursetning.

Gróðursett var í Vaglaskógi dagana 27. maí til 1. júlí. Gróðursetningar kostnaður varð 53 aurar á plöntu, grisjunar kostnaður 10 aurar á plöntu.

Gróðursett var sem hér greinir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Blágreini	2/4	Slumgullion	207	170
"	Broddgreini	2/4	Sapinero	305 sh.	2.500
"	Broddfura	2/4	Sapinero	209	1.450
"	Lindifura	2/3	Krasnojarsk	209	310
"	Skógarfura	2/3	La Matte	323	560
"	Stafafura	2/2	Skagway	212	4.495
"	"	2/2	Skagway	317	1.200
"	Hvítgreini	2/5	P. H. S.	210	1.820
"	Balsampinur	3/4	P. H. S.	321	3.000
"	Fjallapinur	2/4	Sapinero	207	6.210
"	"	2/4	Sapinero	210	165
"	Birki	2/3	Tøms	207	100
"	Elri	2/3	Kolden	207	70
					<u>22.050</u>
Pórðarstaðask.	Blágreini	2/4	Corning Cr.		530
"	Rauðgreini	3/2	Vefsen Grane		9.530
"	Blágreini	2/4	Sapinero s.)		5.000
"	Hvítgreini	2/4	Fairbanks s.)		2.000
					<u>17.060</u>
Fellsskógur	Hvítgreini	2/3	Fairbanks	e.hl.Hl.	1.800
"	"	2/3	Fairbanks	n.hl.Hn.	2.200
"	Rauðgreini	3/2	Vefsen Gr.	"	3.740
"	Blágreini	2/3	Sapinero	" Hl.	7.000
"	Blágreini	2/4	Sapinero s.)	"	3.270
					<u>18.010</u>
Sandhaugar	Stafafura	2/3	Skagway		1.720
"	"	2/2	Skagway		2.500
"	Blágreini	2/4	Sapinero s.)		2.000
					<u>6.220</u>
					<u>Samtals 63.340</u>

Í Þórðarstaðaskógi var gróðursett 15. júní - 1. júlí og síðar 10. ágúst til 10. september. Gróðursett var í spildu ofan vegar frá Ytra-Snjóflóðsgili suður að Yztahólsgili.

Gróðursetningar kostnaður varð 69 aurar á plöntu, grisjunar kostnaður 98 aurar á plöntu.

Í Fellsskógi var gróðursett 5. - 18. júní og aftur 10. ágúst - 15. ágúst. Var gróðursett í efri hluta Hólslands og í neðri hluta Hnjúks-og Hólslands.

Gróðursetningar kostnaður varð 72 aurar á plöntu, grisjunar kostnaður 30 aurar á plöntu.

(s.- síðsumarplöntun.

Á Sandhaugum var gróðursett 8.-23. júní og síðar 4. september.

Gróðursetningar kostnaður varð 73 aurar á plöntu, grisjunar kostnaður 29 aurar á plöntu.

Gróðursettar voru alls 63.340 plöntur, um 15.000 plöntum færra. Aðallega var það sparnaðar ráðstöfun sem réð því að ekki var staðið við áætlunina.

- - - -

Í Vaglaskógi var borið á Ureaform í norður hluta reits nr. 306, ca. 40 gr. á plöntu. Ennfremur var borið á blágreni í reit nr. 320, garðáburður 60 gr. á plöntu.

Í Fellsskógi var borið á syðst í Fellslandi, (hluta S. R) Ureaform 500 gr. á pl. og garðáburður 60 gr. á pl., rauðgreni, afmarkað svæði.

Í Vaglaskógi var víða unnið að því að klippa frá barrplöntum og sérstaklega í Lautaskógi og í Þórðarstaðaskógi.

Gróðursetning Skógræktarfélags í Fossselsskógi og víðar:

Gróðursett var sem hér segir:

	<u>Tegund</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Plöntufjöldi</u>
Fossselsskógur	Blágreni	2/3-2/3	Sapinero	13.000
"	Rauðgreni	3/2	Vefsen Grane	3.600
"	Bergfura	2/3	Ginébra	500
"	"	3/0	Ulstrupgård	1.400
"	Stafafura	2/3	Skagway	800
"	"	2/2	Skagway	7.050
"	Lerki	2/3	Sénkúrsk	300
				<u>26.650</u>
Fellsskógur	Blágreni	2/4	Sapinero	4.000
"	Rauðgreni	3/2-3/3	Vefsen Grane	8.000
"	Fjallabínur	2/4	Sapinero	400
"	Stafafura	2/3	Skagway	200
				<u>12.600</u>
Stafn í Reykjad.	Blágreni	2/4	Sapinero	1.980
"	Hvítgreni	2/4	Fairbanks	1.000
"	Stafafura	2/2	Skagway	1.000
				<u>3.980</u>
Ytra-Fjall	Blágreni	2/4	Sapinero	1.000

Samtals 44.230

Í Fossselsskógi unnu fjórir menn, dagana 11.- 21. júní, við grisjun og gróðursetningu. Dagana 11.- 17. ágúst unnu þar átta Norðmenn, auk Ármanns Olgeirssonar og Gunnars Finnbogasonar, sem stjórnaði þar.

Gróðursettar voru alls 26.650 plöntur, grísjáðir 1.5 ha. vegna gróðursetningar og 1.7 ha. birkiskógur, þar sem gróðursett var rauðgreni 1960.

Kostnaður skiptist þannig: Plöntukaup kr. 45.346.35, gróðursetning kr. 16.011.00, grísjun 9.775.04, matreiðsla kr. 1.038.30, akstur ofl. kr. 1.648.10, alls kr. 73.818.79

Af þessu gróðursettu Norðmennirnir 5700 plöntur og grísjúðu 2.0 ha. í Fossselsskógi.

Allur kostnaður vegna komu Norðmanna varð kr. 17.192,79, þar með talið fæði, laun ráðskonu, laun Ármanns Olgeirssonar, sem bæði var bifreiðarstjóri og vann með þeim við gróðursetninguna og akstur að nokkru leiti.

Tvo þriðju hluta kostnaðarins hefi ég fært á Fossselsskóg og skipt því þannig að kr. 3.990.00 kr. fóru á gróðursetningu en kr. 7.472.52 á grísjun.

Dagana 6- 9. ágúst unnu sjö Norðmenn við gróðursetningu í Fellsskógi (hjá Yztafells bræðrum), á Ytra-Fjalli og að Stafni í Reykjadal. Gróðursettar voru um 1000 plöntur á hverjum stað með aðstoð heimafólks.

Óhætt mun að fullyrða að almenn ánægja hafi verið yfir komu norska skógræktarfólksins og hefðu vafalaust fleiri viljað við þeim taka.

VII. Nýir vegir og viðhald vegna.

1. Nýir vegir.

Í Vaglaskógi var ruddur nýr vegur, öfan efri vegar, frá Kúalág, norður skóginn og út á melana. Lengd 570 m.

Þessi vegagerð var nauðsynleg vegna skógarhöggs.

Kostnaður varð kr. 2.250.00

Í Þórðarstaðaskógi var ruddur vegur frá Yztahólsgili norður undir Búðargil, lengd 1.325 km.

Framkvæmt vegna skógarhöggs og gróðursetningar, Kostnaður varð kr. 14.007.72, þar með talið jarýtuvinna, vinna við ræsi, tunnur o. fl.

Í Fellsskógi var vegur að lengd 1.3 km. Var byrjað efst og nyrst í Hólsgærðislandi og vegurinn lagður á ská niður á við, sem bratta minstur og komið niður að fljótinu í landi Hóls. Var síðan haldið suður fljótsbakkann og vegurinn tengdur þar veginum sem lagður var þar 1961.

Þessar framkvæmdir voru nauðsynlegar vegna grísjunar og gróðursetningar. Kostnaður varð kr. 43.346.85, þar innifalið ýtuvinná vinna við ræsi og rör, o. fl. Landeigendur munu greiða hluta af kostnaðinum.

2. Viðhald vega.

Vegurinn frá Fnjóskárbrú, meðfram ánni, suður að Mörk var tekinn í Þjóðvega tölu. Þar með losnaði Skógrækt ríkisins við viðhald hans.

Það má heita að viðhald vega hafi ekkert verið á liðnu ári, aðeins heflaður efri-vegurinn út skóginn og vegurinn upp í Vágli.

VIII. Ný byggingar og viðhald húsa.

1. Nýbyggingar.

Á árinu var hafist handa um byggingu nýs verkafólksbústaðar, fyrra áfanga. Reist var 114 m² hús og skal því nú lýst:

Húsið er á steiptum grunni og er úr timbri, standklæðning. Þakið er skúrbak, klætt bærjárn. Húsið hefur þegar verið einangrað innan með 2" plasti

Öll skilrúm hafa verið sett upp og lögð í það öll rör vegna raflagna. Ennfremur er að mestu lokið við að leggja vatnslögn. Lokið er við að þilja loft og byrjað að þilja herbergin innan. Til þess eru notaðar 8 mm. spónaplötur.

Í húsinu eru þessi herbergi: Stofa, matsalur, eldhús, búr, herbergi ráðskonu, herbergi verkstjóra, baðherbergi, tvö snyrtiherbergi og þvottaherbergi og fatageymsla.

Húsið teiknaði Sigurður Einarsson.

Kostnaður um áramót varð:

Vinnulaun.....	kr.	98.932.31
Efni.....	-	113.980.21
Verkstæði, efni-v.	-	25.662.59
Akstur, flutningar	-	12.642.00
Teiknari.....	-	12.500.00
VélaVinna.....	-	<u>4.833.04</u>

Samtals kr. 268.550.15

Ógreitt um áramót var plast til einangrunar og þilplötur.

2. Viðhald fasteigna.

Þjóðarhúsið á Vöglum var málað utan. Timburklæðningin á skógarvarðarbústaðnum var olíuborin. Í Brúarlundi var talsvert viðhald. Þar voru m. a. settir nýir dúkar á herbergi starfsfólksins o. fl.

IX. V é l a r o g v e r k f æ r ð .

Dráttarvélina var notuð eins og áður, við gróðrarstöðina, við sögun víðar og við nýja verkafólksbústaðinn og fleira.

Viðhald á dráttarvélinni var ekki mikið, en vélin þarf talsverðra viðgerð við, svo að athugandi væri hvort, ekki væri rétt að skipta á þessari og fá aðra í staðinn.

Kostnaður við rekstur dráttarvélarinnar varð kr. 13.572.01, þar á móti kemur svo endurgreiðsla vegna benzínkaupa 1963 kr. 3.464.00.

Bifreiðin Þ 864 var notuð líkt og áður til flutninga vegna gróðrarstöðvarinnar, við að aka saman staurum og eldúvið og við plöntuflutninga út í skóglendin, o. fl. Þá má geta þess að bifreiðin var notuð þegar nösska skógræktarfélagið var á ferðinni, við að flytja, vistur, farangur og plöntur.

Annars þarfnast bifreiðin talsverðra viðgerða ef vel á að vera, sérstaklega er húsið illa farið af ryði.

Reksturskostnaður bifreiðarinnar varð röskar 30 þúsund krónur, vegna viðgerða tæpar 13 þúsund krónur, vegna benzínkaupa kr. 14 þúsund og skattar rúmlega 3 þúsund krónur.

Af verkferum sem þörf væri á að fá í ár má nefna: Plóg, vagn með sturtum, viðkarkleyf og sleða, allt tæki, sem notað eru við dráttarvélina.

X. Ý m i s l e g t .

Ferðafólki var með lang flesta móti, umgengni fólks horfir til bóta.

Fjórir dansleikir voru haldnir í Brúarlundi. Einn þeirra hélt U. M. F. Bjarmi, annan Skógræktarfélag S.-Þingeyinga. Fóru þeir mjög samilega fram.

Um verzlunarmannahelgina var svo þessum félögum veitt leyfi til þess að halda bindindismót hér í Vaglaskógi: Ungmennasamband Eyjafjarðar, Íþróttabandalag Akureyrar, Skátafélag Akureyrar, Æskulyðsráði Akureyrar, Bindindisfélögunum á Akureyri og Ungmennasambandi Suður-Þingeyinga.

Voru ýmiss skemmtiatriði úti í skóginum og dansað var í Brúarlundi tvö kvöld og á palli sem reistur var á milli bragganna.

Mikill fólksfjöldi kom hér um helgina, áttlað um 3000 manns. Í stuttu máli sagt, tókst samkoman með ágætum og varð þeim sem að henni stóðu til sóma.

Kostnaður vegna ferðafólks varð kr. 10.603.87.

Af erlendum gestum má nefna dr. Osara sem kom hér 7. júlí í fylgd með skógræktarstjóra.

Skátar héldu hér Norðulandsmót sitt í júlí og foringjanámskeið í Brúarlundi í september.

Úti á Hálsmelum var plantað miklu af lúpínu og var tekin fyrir ákveðin spildra. Var lúpínunni plantað með þriggja til fjögurra metra millibili og virtist hún koma vel til.

Önnur spildavar tekin fyrir, neðan vegar, og þar borinn á tilbúinn áburður.

Tilbúnum áburði var einnig dreift í Stóra-rjóðri og Hróastaðanesi, þar sem mest er tjaldað, svo að síður myndast flög.

Þess má geta að viðleguskúrinn sem var notaður í Fells-skógi var nú fluttur í Vaglaskógum og settur niður norðan við nýja verkafólksbústaðinn. Fást með því tvö samileg herbergi, svo að ekki ætti að þurfa að nota Brúarlund nema að vorinu.

Í sambandi við Ásbyrgi skal þess getið að 1180 m. löng vatnslögn var lögð heim að íbúðarhúsinu og tók barnaheimilið að Ástjörn nokkurn þátt í kostnaðinum.

Eins og áður er getið í " Ferðir og leiðbeiningar 1964 " þá héldu þkógræktarstjóri og ráðunautur Skógræktarfr. Íslands fundi dagana 10.-13. apríl á Hólmavaði, Laugum, Skógum, Svalbarðsströnd, Grenivík og á Húsavík, ennfremur mætti ráðunauturinn á fundi í Skúlagarði 12. nóvember.

Auk þess sem skógarv. sat áður nefnda fundi, mætti hann á stjórnarfundum Skógræktarfélags S.-Þing og hélt fund með Skógræktarfélagi Grýtubakkahrepps 26. apríl.

Fjárhagsáætlunina tókst ekki að halda í heild. Þótt ýmsir liðir, t. d. gróðrarstöðin yrðu langt neðan við áætlunina, fóru aðrir fram úr og þá fyrst og fremmst verkafólksbústaðurinn. Var farið fram úr áætluninni um tæpar 30 þúsund krónar.

XII. Á æ t l u n á r s i n s 1 9 6 5.

Um helztu verkefni ársins 1965, umfram venjuleg störf, er það að segja að vinna þarf við verkfólksbústainn áfram.

Þarf fyrst og fremst að gera 1. áfanga íbúðarhæfan fyrir vorið. Askilegt væri að geta haldið áfram með 2. áfanga í sumar, en aðalatriðið að ljúka þeim fyrri.

Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag í Ásbyrgi. Ef eftirlitsmaðurinn verður þar áfram, verður varla hjá því komist að byggja við húsið á árinu.

Vöglum 6. febrúar 1965.

Helgiur Gunnarhitasm

EFTIRLIT OG LEIÐBEININGAR 1964.

- Janúar 7. Ferð í Laugaból og til Húsavíkur til viðræðna við formann og stjórnarmenn Skógræktarfélags S.-Þing.
- " 22. Ferð í Sandhauga í Bárðardal til viðræðna við Sögurð Eiríksson og að Jarlsstöðum til viðræðna við formann Skógræktarfélagsins Björk.
- " 31. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- Febrúar 4. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 6. Ferð í Yztafell til viðræðna við Sigurð Marteinnss. og Friðgeir Jónsson, v/ fyrirh. framkvæmda í Fellsskógi.
- " 13. Þórðarstaðir v/ uppgjors og eftirl.
- " 22. Vatnsleysa v/ ráðninga verkam.
- " 23. Laugaból, Fjall, Yztafell v/ stjórnarfundar í Skógræktarfélagi S.-Þing.
- " 24. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 29. Til Reykjavíkur á starfsmannafund hjá Skógrækt ríkisins.
- Marz 24. Frá Reykjavík og heim í Vagli.
- " 28. Þórðarstaðir v/ uppgjors o. fl.
- " 30. Ferð til Akureyrar að sækja Gunnar Finnbogason.
- Apríl 1. Ferð til Akureyrar með Gunnar Finnbogason og til Svalbarðseyrar vegna viðskipta.
- " 3. Akureyri, v/ viðskipta.
- " 5. Ferð í Ásbyrgi v/ leiðbeininga við grisjun í Byrginu. Dvaldi þar dagana 6. og 7. apríl.
- " 8. Frá Ásbyrgi í Vagli og til Akureyrar til fundar við skógræktarstjóra.
- " 10. Til Akureyrar að sækja skógræktarstjóra og Snorra Sigurðsson. Farið að Ytra-Fjalli og að Hólmavaði og Laugaskóla og sýndar þar kvikmyndir. skuggamyndi.
- " 11. Farið með skógræktarstjóra og Snorra Sigurðssyni í barnaskólann að Skógum og með þeim síðarnefnda í samkomuhúsið á Svalbarðsströnd, flutt erandi og sýndar skuggamyndir.
- " 12. Farið til Grenivíkur með skógræktarstjóra og S. Sig. í sömu erindum og áður.
- " 13. Farið til Húsavíkur með skógræktarstjóra og S. Sig. í sömu erindum og áður.
- " 14. Til Akureyrar og í Hóla í Hjaltadal, þar sem skógræktarstjóri og S. Sig. sýndu myndir og fl. erindi. Heimleiðis um Sauðárkrók og Varmahlíð. Gist á Akureyri.
- " 15. Heimleiðis frá Akureyri.

- Apríl 21. Ferð til Akureyrar v/ viðsk.
- " 22. Ferð í Þórðarstaði v/ eftirlits og í Sandhauga v/ eftirlits og undirb. f. gróðursetningu.
- " 25. Yztafell v/ fyrirgugaðerar vegagerðar í Fellsskógi
- " 26. Ytra-Fjall og til Grenivíkur vegna fundar í Skógræktarfélagi Grýtubakkahrepps.
- " 27. Laugaból til fundar við formann Skógræktarfélagss S.-Þing, Vað vegna Fossselsgirðingar, Hólsgerði og Yztafell v/ vegagerðar í Fellsskógi.
- " 28. Akureyri v/ viðskipta.
- Maí 4. Húsavík v/ viðskipta (v/ starfsmannabústaðar) Vað vegna Fossselsgirðingar, Yztafell, v/ vegag. í Fellsskógi.
- " 8. Akureyri v/ viðskipta,
- " 9. Yztafell v/ vegagerðar í Fellsskógi, o. fl.
- " 11. Akureyri v/ viðskipta, og G. Finnbogas.
- " 21. Akureyri v/ viðskipta og verkafólks
- " 27. Sigríðarstaðaskógur v/ eftirlits
- " 28. Akureyri v/ viðskipta
- " 30. Laugaból, Fjall, Yztafell flúttar trjáplöntur, haldið austur í Ásbyrgi.
31. Leiðbeint í Skúlagarði um gróðursetningu ásamt Gunnari Finnbogasyni. Haldið heimleiðis.
- Júní 1. Ferð í Fosshól með plöntur o. fl.
- " 2. Ferð í Selland v/ gróðursetningar þar.
- " 4. Sigríðarstaðask. v/ eftirlits
- " 5. Ferð í Fellsskóg v/ gróðursetningar þar.
- " 7. Ferð í Fossselsskóg v/ eftirlits.
- " 8. Ferð í Sandhauga vegna gróðursetningar þar.
- " 9. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta, ferð í Fellsskóg vegna gróðursetningar þar.
- " 11. Ferð í Fossselsskóg vegna gróðursetningar þar.
- " 12. Sigríðarstaðaskógur með Baldri Þorsteinssyni.
- " 13. Þórðarstaðir vegna gróðursetningar þar.
- " 15. Ferð í Fossselsskóg vegna gróðursetningar þar.
- " 16. Ferð í Fossselsskóg vegna gróðursetningar þar.
- " 18. Ferð í Þórðarstaðaskóg vegna gróðursetningar þar og í Fossselsskóg vegna sömu erinda.
- " 23. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 24. Yztafell, Gvendarstaðir v/ girðingar, Húsavík vegna viðskipta og í Þórðarstaði vegna gróðursetningar þar.
- " 26. Þórðarstaðaskógur v/ gróðursetningar og grisjunar, til Akureyrar með plöntur og v/ viðskipta.
- " 20. Farið í Fossselsskóg vegna gróðursetningar þar.
- " 30. Ferð í Þórðarstaði vegna grisjunar og gróðursetningar þar.

- Júlí 1. Kvíaból v/ samningagerðar um land í Fellsskógi, Yztafell v/ uppgjörs og Sigríðarst. í sömu erindum.
- " 3. Akureyri v/ viðskipta
- " 7. Akureyri til að sækja skógr.stj. og dr. Osara.
- " 8. Ekið austur að Hallormsstað með fyrrnefnda menn og haldið heimleiðis síðdegis 9. júlí
- " 10. Þórðarstaðir v/ uppgjörs og eftirl.
- " 14. Til Akureyrar v/ viðskipta,
- " 15. Ferð í Sandhauga vegna uppgjörs, og undirb. undir gróðursetn. í ágúst.
- " 17. Til Húsavíkur með smíði, í Ytra-Fjall og Laugaból til undirbúnings v/ komu Norðmanna.
- " 22. Yzafell og Fossselsskógur til undirbúnings v/ komu Norðmanna.
- " 23. Akureyri v/ viðskipta
- " 29. Þórðarstaði v/ grisjunar og gróðursetn. í ágúst
- " 30. Stafn í Reykjadal, vegna fyrirh. komu Norðmanna
- Ágúst 5. Haldið til Noregs og dvalizt þar ásamt íslenzku skógræktarfélagi til 20. ágúst.
- Sept. 23. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 30. Fossselsskógur v/ eftirlits og mælinga, Laugaból til fundar við form. Skógrfél. S.-Þing. og í Yztafell vegna viðsk.
- Okt. 3. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 6. Ferð í Fellsskóg v/ eftirlits og til Húsavíkur v/ viðskipta
- " 8. Til Akureyrar v/ verkafólks (C. Madsen)
- " 11. Yzafell til fundar við Jón Sigurðsson.
- " 15. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta
- " 21. Ferð til Akureyrar "
- " 25. Ferð í Hléskóga og Grýtubakka til þess að líta eftir skógræktargirðingum.
- Nóv. 7. Ferð til Akureyra til þess að sækja Snorra Sigurðsson.
- " 8. Laugaból, Yztafell, á ~~stjórnarfund~~ stjórnarfund Skógræktarfélags S.-Þingeyinga.
- " 9. Farið í Þórðarstaðaskóg v/ mælinga, með S. Sig.
- " 10. Farið í Þórðarstaðaskóg " " " " ig í Fossselsskóg v/ eftirlits.
- " 11. Haldið í Ásbyrgi með Snorra Sigurðssyni.
- " 12. Skógræktarfélagi N.-Þingeyinga leiðbeint um grisjun í girðingu sinni og um kvöðlið í Skúlagarð með S. Sig. sem sýndi þar skuggamyndir og talaði um skógrækt.
- " 13. Farið til Akureyrar með Snorra Sigurðsson.
- " 17. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 24. Ferð til Akureyrar "
- " 29. Ferð að Laugabóli til fundar við formann skógræktarfélags S.-Þingeyinga.
- Des. 4. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.
- " 7. Ferð í Yztafell v/ "
- " 15. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta,
- " 21. Ferð til Akureyrar v/ viðskipta.

Vöglum 21/1 1965.

Flekkur Gunnarsson